

VIÐAUKI I – Íþróttagólf endurnýjað í íþróttamiðstöðinni á Álftanesi

Meðfylgjandi breytingar eru gerðar á **útboðs og verklýsingu** fyrir verkið „Íþróttagólf endurnýjað í íþróttamiðstöðinni á Álftanesi“. Hver breyting fær bókstafsnumur og stutta skýringu. Breyttur texti er auðkenndur með gulum lit og þegar felld eru út orð í texta útboðsgagna eru þau jafnframt yfirstrikuð. Breytingar eru leiðréttir og að einhverju leiti viðbrögð við spurningum og athugasemdum bjóðenda við útboðsgöngin.

Þá borist nokkrar spurningar og athugasemdir sem jafnframt eru settar fram eftir breytingakaflann með sömu hlaupandi númerum ásamt svörum og viðbrögðum við þeim.

A) Einu atriði hefur verið breytt á bls. 0-1 í kafla „0.1 Útboðsverkefnið“. Seinkað er tímasetningu fyrir bjóðendum að senda inn fyrirspurn:

0.1 Útboðsverkefnið

Garðabær, sem hér á eftir nefnist verkkaupi, óskar eftir tilboðum í verkefnið "Íþróttagólf endurnýjað í íþróttamiðstöðinni á Álftanesi".

Verk þetta skal vinna samkvæmt verklýsingum og teikningum eftir því sem við á.

Verkið felst í rífi á núverandi íþróttagólfi, innkaupum, uppsetningu- og lagningu á nýju íþróttagólfi fyrir **Íþróttamiðstöðina** á Álftanesi v/Breiðumýri 225 í Garðabæ, sjá nánar í lýsingu hér á eftir.

Helstu magntölur eru eftirfarandi:

- Ríf á 1510 m² íþróttagólfi
- Lagningu á ~~1440~~ 1410 m² íþróttagólfi
- Málun 1680 m af **íþróttalínunum**

ÚTBOÐSYFIRLIT

Vettvangsskoðun: 27. mars 2020 kl. 15:00

Fyrirspurnartíma lýkur: **6. apríl 2020.**

Svarfrestur rennur út: 7. apríl 2020.

Opnunartími tilboða: 15. apríl 2020, kl. 14:00.

.....

B) Tæknilegar upplýsingar um boðið gólf skuli fylgja útboðsgögnum sbr. meðfyljandi breytingu í kafla „0.6 Auðkenni og skil tilboðs“

0.6 Auðkenni og skil tilboðs

Tilboðum skal skilað fyrir opnun tilboða kl. 14:00, 15. apríl 2020, á skrifstofa **Strengings** ehf verkfræðipjónustu, Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfjarði.

Tilboð skal vera í lokuðu umslagi greinilega merktu bjóðanda og útboðinu:

Íþróttagólf endurnýjað í íþróttamiðstöðinni á Álftanesi

Tilboð

Bjóðandi: [nafn]

Heimilsfang: [lögfesta]

Póstnúmer: [nr.]

Tilboð skulu að lágmarki innihalda: Útfyllt og undirritað tilboðsblað, útfyllta tilboðsskrá, **tæknilegar upplýsingar um boðið íþróttagólf**, sem og önnur fylgigögn samkvæmt upptalningu í kafla 0.4.

C) Leiðrétting á villu í einni magntölu tilboðsskráar.

Tilboðsskrá

Í tilboðslið nr. 5.1.4 fyrir vinnulið þarf að leiðrétta magntöluna úr 141m² í 1410 m², sbr. meðgjaldi skjáskot úr tilboðsskránni.

5.1.4	Íþróttagólf - Efniskaup			
	a) Íþróttaparket	m ²	1.410	0 kr.
	b) Gólfestingar innsteyptar í gólfplötu 60-90 mm	stk	22	0 kr.
	c) Festingar fyrir net eða mörk felldar inn í parket	stk	30	0 kr.
	d) Gólflisti á vegg	lm	150	0 kr.
	e) listi milli gólfefna	lm	20	0 kr.
	5.1.4 efni samtals			0 kr.
5.1.4	Íþróttagólf - Vinnuliður			
	a) Íþróttaparket	m ²	1.410	0 kr.
	b) Gólfestingar innsteyptar í gólfplötu 60-90 mm	stk	22	0 kr.
	c) Festingar fyrir net eða mörk felldar inn í parket	stk	30	0 kr.
	d) Gólflisti á vegg	lm	150	0 kr.
	e) listi milli gólfefna	lm	20	0 kr.
	5.1.4 vinna samtals			0 kr.

Þjóðandi skal setja inn ofanskýrða (gulmerkta) leiðréttingu í tilboðsskrá og reikna tilboðið með þeirri leiðréttu magntölu. Við yfirferð og samanburð tilboða verður miðað við þessa leiðréttu magntölu.

D) Bætt við nánari lýsingu við kafla „1.1.4. Færsla á áhorfendapöllum“.

1.1.4 Færsla á áhorfendapöllum.

Færa skal áhorfendapalla sem eru á útdraganlegri stálgrind, með setur, uppstig og gólf úr timbri. Pallarnir eru 12 talsins og með 5 4 sætaraðir. Þrjár sætaraðir eru úr fellanlegum einingum, en sætaröð ásamt palli fyrir fætur er fest á milli límtrébita á steiptan vegg og grindin er skrúfuð við límtrébitana. Gera má ráð fyrir að burðargrindin sé fest við steipta vegginn með tveimur múrboltum c/c 600, Fellanlegu sætaraðirnar eru einingum sem hver er festar eru með 3 boltum í föstu bekkina.

Taka skal niður áhorfendapallana og færa yfir íþróttasalinn þannig að allar verða til móts við núverandi staðsetningu á hinum langveggnum.

Miða skal við að allar séu teknir niður færð fram á gang við hlið íþróttasalar til geymslu og settir upp að nýju að lokinni parketlögnum.

Verktaki skal kynna sér festingakerfi palla og festa palla upp á jafngóðan hátt og nú er. Verktaki leggur til og kostar bolta, vinkla og skrúfur sem bæta þarf við á nýjum stað fyrir palla.

Meðfylgjandi myndir sýna pallana nánar



Ásýnd á palla í niðurtekinni stöðu



Fastur bekkur palla ásamt palli fyrir fætur



Fastur bekkur palla ásamt palli fyrir fætur



Festing á fellanlegri einingu við fasta palla.

Magntala, er lengdarmetri (lm) 5 4 sætaraða áhorfendapalla.

E) Bætt er við nánari lýsingu við kafla „1.1.5 Færsla á rimlum“.

1.1.5 Færsla á rimlum.

Rimlar eru á einum lang vegg íþróttasalar. Rimla skal taka niður, geyma á gangi og setja upp að nýju. Gert er ráð fyrir að rimlar veðri setti upp til móts við núverandi staðsetningu að lokinni málun veggja.

Rimlar eru festir í gegnum tvö borð sem eru undir uppistöðum rimlana. Annað borðið er ofarlega í rimlunum og hitt er neðarlega. Rimlar eru festir við hvort borðið með vinklum beggja vegna við uppistöðurnar. Vinklarnir eru skrúfaðir fastir við uppistöður rimla og boltað í gegnum vinklana og veggborð inni steypa vegginn.

Verktaki skal kynna sér festingakerfi rimla og fest þá upp á vegg á jafngóðan hátt og nú er. Verktaki leggur til og kostar bolta, vinkla og skrúfur sem bæta þarf við á nýjum stað fyrir rimla.

Sjá einnig meðfylgjandi mynd



Rimlar í einu bili milli límtrébita

Magntala, er lengdarmetri (lm) af rimlum.

F) Bætt er við nánari lýsingu við kafla „5.1.4 Íþróttagólf“.

5.1.4 Íþróttagólf

Íþróttagólfið á að vera flatarfjaðrandi parketgólf. Gert er ráð fyrir að gólfið sé byggt upp sem parket á tvöföldu lektukerfi úr timbri. Við veggj umhverfis gólfið eru parketlistar.

Parketgólfið skal vera frá viðurkenndum framleiðanda, notkun gólfsins skal vera fyrir almenna íþróttaiðkun í grunnskólum, svo og körfubolta, blak, handbolta, badminton. Helstu eiginleikar skulu vera:

- ❖ Uppfylla ÍST EN 14904 staðal og ASTM F2772. Forveri ÍST EN 14904 er DIN 18032.
- ❖ Gólfið uppfylli kröfur til „Type 4“, um fjöðrun og lóðréttrar formbreytingar, sbr töflu B.1 og töflu B.2 í ÍST EN 14904, eða sambærilegar skv. ASTM F2772.
- ❖ Parket sé styrkt undir áhorfendabekki.
- ❖ Parket skal vera forlakkað frá verksmiðju, eða slípað og lakkað á staðnum áður skv. **fyrirmælum framleiðanda áður en vallarmerkingar eru málaðar.**
- ❖ Eftir málun á völlum er gert ráð fyrir að gólfið verði lakkað tvær umferðir.
- ❖ Miðaði er við að að parketfjalir séu með a.m.k. **7 3,5** mm þykku yfirborðslagi úr ljósum við t.d. fyrsta flokks hlyn eða beyki.
- ❖ Heildarþykkt frá steyptri plötu er u.þ.b. **44 11 cm.**
- ❖ Gólflistar séu með loftrásum til að hafa hringrás á loftun undir gólf opna.

Íþróttagólfið kemur á steypa plötu. Undirkerfi skal vera úr þar til gerðum fjaðrandi timburkerfi **sem stendur á með** gúmmípúðum. Réttu þarf mishæðir í steypunni af þannig að endanlegt yfirborð verði fullkomlega slétt.

Til beggja hliða með aðalvöllum skal setja viðeigandi styrkingar undir gólf fyrir áhorfendapalla. **Stærð svæðis sem setja þarf styrkingar undir er ~150 m² eða ~25x3 m hvoru megin**

Tryggja þarf að ísetning á þar til gerðum stálfestingum fyrir íþróttabúnað sé í samræmu lagningu gólfs og merkingu valla. Yfir gólfestingar skal fella þar til gerð lok í parketgólfið. Allar festingar í og lok í parket gólf íþróttasal séu stöðluð framleiðsla frá viðurkenndum framleiðanda. Framleiðslan skal vera ætluð til notkunar í skólum og við mikið álag og skal hafa CE vottun fyrir viðkomandi notkun. Öll uppsetning og frágangur skal vera skv. **fyrirmælum framleiðanda.**

Eftir málun íþróttavalla skal gólfið lakkað tvisvar í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Þegar lökkun gólfs er lokið skal setja upp gólflista á veggj sem loftar um. Einnig skal setja fráganglista milli mismunandi **gólfefna**. Frágangslistar milli **gólfefna skulu vera** tvöfaldir listar með gúmmí miðju sem getur tekið upp hreyfingu.

Magntölum er skipt upp fyrir hvern tilboðslið í efni og vinnulið.

- Magntala, er fermetri (m²) af fullfrágengnu íþróttaparketi með lökkun gólfs. Málun á íþróttavallalínnum er greidd í öðrum lið.*
- Magntala, er fjöldi (stk) af hverri gerð af fullfrágengnum stálfestingum steyppt í gólf, þar með talið lok í parket.*
- Magntala, er fjöldi (stk) af fullfrágengnum stálfestingum sem fræstar eru í og festar í parket.*
- Magntala, lengdarmetri (lm) af gólflistum á veggj.*
- Magntala, lengdarmetri (lm) af fullfrágenum listum milli gólfefna.*

G) Fyrirspurnir og athugasemdir frá bjóðanda og svör við þeim:

„Íþróttagólf endurnýjað í íþróttamiðstöðinni á Álftanesi, Breiðumýri 225 Garðabæ

Við erum með athugasemdir við eftirfarandi kröfur:

1. Parket skal vera forlakað
2. Miðaði er við að parketfjalir séu með a.m.k. 7 mm þykku yfirborðslagi
3. Fjaðrandi timburkerfi sem stendur á gúmmípúðum

Hversu mikilvæg eru þessi atriði? Er ekki nóg að uppfylla staðla?“

Viðbrögð við lið 1, 2 og 3 eru í kafla F hér að framan: F) Bætt er við nánari lýsingu við kafla „5.1.4 Íþróttagólf“.

Með þessum viðbrögðum er talið að einnig hafi verið svarað spurningunum um mikilvægi atriða og uppfyllingu staðla.

H) Fyrirspurnir og athugasemdir frá bjóðanda og svör við þeim:

- a) „Varðandi útboðið þá ertu með kröfu um 7mm þykkun spón á efninu t.d. Hlyn eða Beyki, (að fenginni reynslu þá myndi ég alls ekki mæla með Beyki vegna þess hversu viðkvæmt það er varðandi raka enda eru hátt í tveir áratugir síðan síðasta Beyki íþróttagólfið var lagt hérlendis fyrir utan Seltjarnarnes gólfið eftir því sem ég best veit)“

Það er þekkt að beyki er viðkvæmara fyrir raka en hlynur. Beyki er engu síður góður viður í íþróttagólf hefur verið notað um áráraðir.

- b) „En af hverju ertu með þessa 7mm kröfu þegar t.d. Junckers gólfín eru bara með rúma 2mm niðrí fræsingu á milli stafasamsetningu og ég man ekki eftir neinu spónlögðu efni sem er með 7mm þykkun spón og eins af hverju þarf efnið að vera forlakað ?

Viðbrögð við þessum spurningum eru í kafla F hér að framan: „F) Bætt er við nánari lýsingu við kafla „5.1.4 Íþróttagólf“.

- c) Svo eitt enn sem kemur ekki þessu útboði við en af hverju er verið að afskrifa þetta gólf sem er fyrir, er ekki hægt að gera við það, slípa það og merkja á nýjan leik er þetta ekki gólf frá ca. 2004 ?“

Verkkaupi hefur metið það svo að ekki sé hagkvæmt að fara í viðgerðir á gólfínu. Í gólfínu reynast „dauðir blettir“ víða þar sem undirkerfi er skemmt.

Hafnarfirði 3.4.2020

Pétur Vilberg Guðnason